

vitn-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– Íslendingar vitna gjarnan í
Laxness

‡ • auðvitað, forvitinn, vit, vita, vitlaus, vitneskja,
vitni, vitund

hit-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– ég skal hita súpuna

‡ • hiti

læs-a *so. vb.-i – heyra*
[-ti]

– þú verður að læsa bílnum

‡ » loka

þró-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– við erum að þróa hugbúnaðinn

‡ • þróun

kjöt *hk. et. – hús*
[-s]

– seljið þið kjöt og fisk?

‡ kjöt

mótmæl-a *so. vb.-i – heyra*
[-ti]

– starfsmennirnir mótmæltu
niðurskurðinum

‡ • mót, mæla (-ti), mál

fljóta *so. sb.-2 – bjóða*
[flaut, flutum, flotið]

– olían flýtur á sjónum eftir
strandið

‡ • fljótur, fljótt, fljótlega; flýta

afhen-da *so. vb.-i – heyra*
[-ti]

– þú afhendir miðann við
innganginn

‡ • henda, hönd

sólarhring-ur *kk. – dalur*
[-s, -ir]

– fiðrildi lifa í einn sólarhring

‡ sólarhringr • sól, hringur; sólskin

kartafla *kvk. – stofa Ö*
[kartöflu, kartöflur]

– mér finnst bakaðar kartöflur
bestar

‡

heimilisfang *hk. – hús Ö*
[-s, heimilisföng]

– ekki gleyma að skrifa
heimilisfangið!

‡ • heimili, heima, fang; fangelsi

‡

íþrótt *kvk. – mynd*
[-ar, -ir]

– hann er góður í íþróttum

eigin-maður *kk. – maður*
[-manns, -menn]

– eiginmennirnir mættu líka á
fundinn

‡ eiginmaðr • eigin, maður; eiginkona; eiga (so)

læk-ur *kk. – dalur J*
[-jar, -ir]

– það rennur lækur niður hlíðina

‡ lækur

safn *hk. – hús Ö*
[-s, söfn]

– eigum við að fara á safn?

‡

þátt-taka *kvk. – stofa Ö*
[-töku, -tökur]

– það var mikil þátttaka í
keppninni

‡ • þáttur, taka